

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn skipaðir til fimm ára í senn: 1 skipaður af menntamála-ráðuneyti, 1 skipaður af Skógræktarfélagi Íslands, 1 skipaður af Bandalagi kennarafélaga, 1 skipaður af Skógrækt ríkisins og stjórnarformaður skipaður af Vigdísí Finnbogadóttur en að henni frágenginni skal stjórnarformaður skipaður af niðjum hennar. Fulltrúi íslenskrar æsku skal vera áheyrnarfulltrúi með fullan tillögurétt og skal stjórn sjóðsins velja hann hverju sinni. Stjórnarformaður skal hafa umsjón með að boða til stjórnarfunda svo oft sem nauðsynlegt þykir en þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun stjórnar. Fundargerðir skulu færðar í sérstaka gerðabók.

## 8. gr.

Með úthlutun úr sjóðnum skal kosta trjáplöntun íslenskra barna í grunnskólum landsins á ári hverju eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins. Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk tveggja annarra stjórnarmanna minnst að undirrita þær. Sjóðstjórn er heimilt að afhenda starfsmanni prókúruumboð.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum lög-giltra endurskoðenda. Reikningsskilum skal lokið innan þriggja mánaða frá lokum almanaksársins. Reikningar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðendum og undirritaðir af stjórn sjóðsins.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta. Á sama hátt er heimilt að leggja sjóðinn niður en eignir hans skulu þá renna til Skógræktarfélags Íslands, sem kappkosti að láta gróðursetja í nafni Yrkju, á vegum æskufólks, trjáplöntur í samræmi við markmið sjóðsins.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Menningarsjóð Landsbanka Íslands hf.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Landsbanka Íslands hf. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands hf. þann 6. mars 1998.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er ákveðið af bankaráði kr. 5.000.000 - fimm milljónir króna - Stofnfé er lagt fram af Landsbanka Íslands hf.

## 3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita stuðning og styrkja með fjárframlögum verðug mann-úðar-, mennta- og menningarmál að mati sjóðstjórnar. Stefnt skal að því að hafa styrkveitingar sem fjölbreyttastar og tryggja dreifingu þeirra til sem flestra menningargreina.

## 4. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu árlega valdir fjórir fulltrúar af bankaráði Landsbanka Íslands hf. Skal stjórnin skipuð tveim bankaráðsmönnum, einum bankastjóra og formanni Félags starfsmanna Landsbanka Íslands hf.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðendum Landsbanka Íslands hf. og birtur með ársreikningi bankans.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Landsbanka Íslands hf. eins og bankaráð ákveður hverju sinni, vaxtatekjur og framlög frá dótturfyrirtækjum bankans. Þá er sjóðnum heimilt að taka við framlögum frá öðrum.

## 7. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum. Stofnfé má ekki skerða nema tímabundið og alls ekki um meira en 75% af upphaflega stofnfénu.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessi var lögð fyrir aðalfund Landsbanka Íslands hf. þann 6. mars 1998 og samþykkti aðalfundur hana fyrir sitt leyti. Aðeins aðalfundur Landsbanka Íslands hf. getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða lagt sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar aðalfundur eignum hans til þeirra verkefna sem sjóðnum er ætlað að styrkja.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

Fanney Óskarsdóttir.